

100. fundur stjórnar Bláskógaveitu haldinn í Aratungu, Reykholti,  
þriðjudaginn 21. apríl 2020, kl. 08:30.

**Fundinn sátu:**

Kjartan Lárusson, formaður, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Axel Sæland, Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri, Benedikt Skúlason, veitustjóri, og Bjarni D. Daníelsson, sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs.

**Fundargerð ritaði:** Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

Formaður leitaði afbrigða til að taka ársreikning á dagskrá á undan kynningu á helstu verkefnum. Var það samþykkt samhljóða.

**1. Ársreikningur Bláskógaveitu 2019 - 2004024**

Ársreikningur Bláskógaveitu 2019

*Lagður var fram ársreikningur Bláskógaveitu fyrir árið 2019. Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi frá KPMG kynnti ársreikninginn í gegnum fjarfundabúnað fyrir veitustjórn og framkvæmda- og veitunefnd. Veitustjórn samþykkir reikninginn fyrir sitt leyti og vísar honum til nýrrar nefndar, framkvæmda- og veitunefndar, sem fer framvegis með hlutverk stjórnar Bláskógaveitu.*

**2. Yfirlit yfir framkvæmdir og verkefni Bláskógaveitu - 2004022**

Sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs og veitustjóri fara yfir stöðu helstu verkefna og framkvæmda á vegum veitna.


*Um er að ræða síðasta fund stjórnar Bláskógaveitu og mun ný nefnd, framkvæmda- og veitunefnd taka við hlutverki hennar. Farið var yfir helstu verkefni.*

*Fundinn sátu einnig undir þessum lið fulltrúar í hinni nýju nefnd, þau Valgerður Sævarsdóttir og Helgi Kjartansson.*


*Formaður þakkar fráfarandi nefnd og starfsmönnum fyrir gott starf á liðnum árum og óskar nýrri nefnd velfarnaðar í sínum störfum.*


*Veitustjóri og sviðsstjóri þökkðu jafnframt fráfarandi nefndarmönnum Kolbeini og Kjartani fyrir gott samstarf í gegnum árin.*

Fundi slitið kl.


  
Kjartan Lárusson

Kolbeinn Sveinbjörnsson

  
Axel Sæland

  
Ásta Stefánsdóttir

  
Benedikt Skúlason

  
Bjarni D. Daníelsson